

Reykjavík 22. nóvember 1997

Samtök um kvennalista
Pósthússtræti 7
101 Reykjavík

Undirrituð, Kristín Einarsdóttir, segi mig hér með úr Samtökum um kvennalista.

Kvennalistinn var stofnaður fyrir rúnum 15 árum af konum sem fundu hjá sér þörf til að hafa áhrif á samfélagið og skapa betri heim. Við vildum koma sjónarmiðum kvenna að þar sem ráðum væri ráðið og ákváðum að bjóða fram sérstakan kvennalista þar sem kvenfrelsi væri haft að leiðarljósi. Við vildum velta valdastólum og raða að nýju til borðs og láta sjónarmið og viðhorf kvenna vera jafnréttihá sjónarmiðum og viðhorfum karla. Við höfðum fjölbreytilegarn bakgrunn og misjafna reynslu og flestar höfðu ekki verið virkar í hefðbundnu pólitísku starfi. Við fundum þörf til að vinna saman að kvenfrelsi í hreyfingu þar sem áhersla var lögð á að skoða og skilgreina mál út frá sjónarholi kvenna og með tilliti til þess hvaða áhrif ákvarðanir hefðu á líf þeirra. Við lögðum áherslu á að ræða málín út frá öllum hugsanlegum sjónarhornum og töldum hina veikustu rödd eiga rétt á heyrast og hafa áhrif ekki síður en hina sterku. Við lögðum áherslu á að ná samstöðu um mál þótt það tæki lengri tíma fremur en að þvinga fram meirihlutaákvarðanir. Við lögðum áherslu á að pólitík Kvennalistans yrði ekki skilgreind til hægri eða vinstri heldur væri ný vídd í íslenskum stjórnsmálum. Hugsjónir okkar, markmið og ekki síst vinnubrögðin vöktu athygli og hafa ekki aðeins haft veruleg áhrif á íslensk stjórnsmáli heldur iangt út fyrir það.

Á landsfundi Kvennalistans við Úlfhljótsvatn helgina 14.-16. nóvember var tekin sú ákvörðun, af meirihluta þeirra sem þar voru, að stilla Kvennalistanum upp við hlið svokallaðra vinstri flokka og taka þátt í viðræðum um „sameiginlegan málefagnagrundvöll Kvennalista, Jafnaðarmanna, Alþýðubandalags og annarra hópa vegna Alþingiskosninga árið 1999.“ Ekki var vilji til þess hjá þeim sem ákafast studdu þessa leið að ræða málið og skoða út frá öllum hliðum og reyna að ná fram sáttum. Með niðurstöðu fundarins var þvinguð fram stefnubreyting að því er varðar grundvöll Kvennalistans og vinnubrögð.

Ég hef nú tekið þá erfiðu ákvörðun að segja mig úr Kvennalistanum. Kvennalistinn hefur verið mér mikils virði og hefur haft mikil áhrif á líf mitt allt frá stofnun hans fyrir rúnum fimmtán árum. Ég er stolt af því að hafa tekið þátt í að skrifa, með þátttöku minni í störfum Kvennalistans, merkan kafla í íslenskrar stjórnsmálasögu. Sá Kvennalisti sem ég átti þátt í að koma á fót, sem ég hef unnið með og verið þingkona fyrir er ekki lengur til.

Kristín Einarsdóttir,
Brekkubæ 39, 110 Reykjavík